

Að loknum hverjum áfanga skal halda próf úr námsefni þess áfanga. Prófnefnd tekur ákvörðun um það námsefni sem prófað er úr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 43. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elva Ósk S. Wium.

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps annast eða býður út meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. sorpsöfnun og sorpförgun, í sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur eftirlit með meðferð úrgangs, sbr. ákvæði 4. mgr. 4. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps sér til þess, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og framkvæmdaaðila, að íbúar fái fræðslu um flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnæðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau flát við geymslu og meðferð úrgangs sem sveitarstjórn, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Húsráðendur skulu halda flátum hreinum og í góðu ástandi. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum og sorpflátum eins og þörf krefur til að halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

3. gr.

Sorpgámum er komið fyrir á völdum stöðum í sveitarfélaginu. Í sorpgáma má aðeins setja heimilisúrgang. Ábúendur eða eigendur lögbýla, eigendur sumarbústaða og hjólhýsa sem notuð eru sem sumarbústaðir og fyrirtæki skulu sjálf sjá um að koma úrgangi í gámanna eftir þörfum.

4. gr.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpflát og gáma. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpflát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpflátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Húsráðanda er heimilt að skila umframúrgangi á viðurkennda móttökustaði á vegum sveitarfélagsins.

5. gr.

Söfnun heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun staðfestri af sveitarstjórn Kaldrananeshrepps.

6. gr.

Kaldrananeshreppur skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er hreppnum heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðferð úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorphlata eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðalraunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Kaldrananeshreppur skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Kaldrananeshreppi er heimilt að setja upp gjaldskrárflokka fyrir mismunandi þjónustu, með það að markmiði að draga úr úrgangsmagni og umfangi þess sem fer til urðunar.

8. gr.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang eða annan úrgang á víðavangi, götum, gangstígum eða fjörum í sveitarfélaginu. Sama á við um númerslausar bifreiðar, bílflok, vélar og sambærilega hluti.

9. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður húsnæðis fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðiseftirlits Vestfjarða eða oddvita Kaldrananeshrepps.

10. gr.

Brjótí eigandi eða umráðamaður eignar ákvæði samþykktar þessarar um meðferð úrgangs skal brotið tilkynnt til sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps eða heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, sem gera viðeigandi ráðstafanir til að bætt verði úr.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 26. og 27. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

12. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. maí 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.